

FRÁSÖGN

af fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins 7. maí 2020.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins tóku þátt í fundinum Rósa Björk Brynjólfssdóttir, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Á dagskrá var aðlögun þingskapa til að gera Evrópuráðsþinginu kleift að funda með fjarfundabúnaði.

Fyrir fundi lá samþykkt framkvæmdastjórnar um fyrirkomulag fjarfunda í nefndum þingsins. Stjórnarnefnd staðfesti þessa samþykkt og heimilaði þannig ákvarðanatöku nefnda með fjarfundabúnaði. Einnig samþykkti stjórnarnefnd að fela fimm málefnanefndum þingsins að fjalla um afleiðingar heimsfaraldurs kórónuveiru fyrir stjórnsmál og lýðræði, mannréttindi, heilbrigðismál, jafnréttismál og málefni flóttamanna og innflytjenda.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu <https://pace.coe.int/en/>.